

gegn mótmælum hans verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 5. Rétt þykir að taka þenna kröfulið til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum n. kr. 3500.00 + s. kr. 3113.00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Eftir þessum úrslitum gagnvart aðalstefnda ber að sýkna varastefnda af kröfum stefnenda, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnendum, Werkebacken Ångfartygs Aktiebolag og Försäkringsaktiebolaget Ocean, n. kr. 3500.00 + s. kr. 3113.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðföör að lögum.

Varastefndi, Kaupfélag Hellissands, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, og falli málskostnaður, að því er hann varðar, niður.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1955.

Nr. 97/1955. **Ragnar Blöndal h/f,**
 Nærfataverksmiðjan Lilla h/f og
 Gunnar Hall (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
 Högn Jónssyni (sjálfur)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um málskostnað í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí þ. á., gera þær dómkröfur, að héraðs-

dómur verði staðfestur að öðru en því, að hverjum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði. Þeir krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 31. ágúst þ. á., gerir þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur að öðru en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda in solidum að mati dómsins.

Þar sem eigi þykja efni til að breyta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjendur in solidum til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ragnar Blöndal h/f, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f og Gunnar Hall, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Högna Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Högni Jónsson héraðsdómslögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. maí þ. á., gegn Ragnari Blöndal h.f., Nærfataverksmiðjunni Lillu h.f. og Gunnari Hall framkvæmdastjóra, Viðimel 64, öllum hér í bænum, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 100.000.00, útgefins 2. desember f. á. af stefnanda Gunnari og samþykkt af stefnda Ragnari Blöndal h.f. til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h.f. 28. febrúar þ. á., en á víxli þessum, sem afsagður var 2. marz s.l., eru útgefandi og stefndi Nærfataverksmiðjan Lilla h.f. ábekingar.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum fjárhæð víxilsins, kr. 100.000.00, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 356.00 í stimpilgjald og afsagnarkostnað og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndu hafa krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 60.000.00.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að umræddur víxill sé kominn til með þeim hætti, að stefndi Ragnar Blöndal h.f. hafi fengið fé að láni gegn okurvöxtum hjá nafngreindum lögfræðingi hér í bænum. Síðar hafi lögfræðingur þessi samið um 40% eftirgjöf á öllum kröfum, sem hann átti á stefnda Ragnar Blöndal h.f., en meðal þeirra krafna hafi umræddur víxill verið. Hafi stefnanda verið um hvorttveggja þessara atriða kunnugt, er hann fékk víxilinn fram-seldan.

Með bréfi, dags. 4. f. m., kærði lögmaður stefndu til sakadómarans í Reykjavík út af framansögðu, en ekki hefur verið lagt fram í málinu neitt endurrit af réttarrannsókn vegna þeirrar kæru.

Stefnandi hefur mótmælt því, að varnir stefndu séu þess efnis, að þeim verði komið að í víxilmáli. Einnig hefur hann mótmælt, að honum hafi verið kunnugt um, að víxilskuldin hafi orðið til í sambandi við lánveitingu gegn okurvöxtum, svo og því, að hann hafi haft vitneskju um eftirgjöf lögfræðings á kröfum sínum á hendur stefnda Ragnari Blöndal h.f., er hann eignaðist víxilinn, enda muni þeir samningar ekki hafa verið gerðir fyrr en síðar.

Stefnandi reisir kröfur sínar alfarið á víxli þeim, sem fyrr greinir, og lagður hefur verið fram í málinu. Sætir málið því meðferð samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Varnir stefndu eru ekki þess eðlis, að þeim verði gegn andmælum stefnanda komið að í málinu samkvæmt 208. gr. nefndra laga. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 6100.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Blöndal h.f., Nærfataverksmiðjan Lilla h.f. og Gunnar Hall, greiði stefnanda, Högna Jónssyni, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. febrúar 1955 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 356.00 í afsagnar- og stimpilgjald og kr. 6100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.